



## Gleðilegt ár!

Gæfu-ár! Öllum gott og blessað ár!  
 Ár með fangið fult af ljósi,  
 er fadmi ykkur, börn,  
 fadmi ykkur öll, börn,  
 og hampi ykkur hægt í ljósi. —

Nú eru jólin liðin, þessi jól. Og nú býst eg við, börnin mín, að þið hafið verið að hugsa um það, sem ykkur var gefið á jólinum, og um alt, sem var ykkur til skemtunar, en líka um það, sem ykkur var sagt um Jesúm á jólinum. Eg vildi, að þið hugsuðuð mest um það.

Gleymið nú ekki þessum jólum. Geymið þau. Ekki á líkan hátt og sumir geyma mat og láta hann mygla og verða ónýtan, heldur eins og jörðin geymir fræin litlu, sem í hana eru látin. Fræin vaxa og bera ávexti. Lofið þið nú jólinum að vera lífsins fræ í ykkur, sem vex á árinu og gerir það að jólaári. Þá vaxið þið líka og verðið jóla-börn.

En þá er eitt nauðsynlegt. Þegar þið horfið til baka og hugsid um jólin, björtu jólin, þá þurfið þið að sjá Jesúm mitt í birtunni og að frá honum leggi birtuna alla út yfir öll jólin. Og mitt í öllu, sem ykkur þótti vænt um, eigið þið að sjá hann. Og hann á ykkur að þykja allra vænst um.

Og nú er nýtt ár komið. Og þið spyrjið: Hvað kemur nýja árið með handa okkur? Ætli það færi okkur nokkuð gott? Því þið erud æfinlega að hugsa um það, að ykkur sé fært eitthvað gott. Þegar pabbi kemur úr lænum, þá vonist þið eftir því, að hann færi ykkur eitthvað gott. Og þegar hann tekur upp úr vasa sínum það, sem hann færir ykkur og sýnir ykkur, þá sést á andlitunum á ykkur, að ykkur þykir vænt um. Þau fara ekki í neinar felur með það. Munnurinn segir frá því og augun. Nefið líka. Já, alt andlitið.

Nú viljið þið, að nýja árið færi ykkur eitthvað gott. Og það á að gera það, og vill líka gera það. Því ef pabbi ykkar vill færa ykkur það, sem gott er, þá vill faðir ykkar á himnum miklu heldur gera það. Hann vill færa ykkur það allra besta.

Árið er hans. Hann kemur með árið. Og hann vill láta það færa ykkur það, sem gott er, einmitt það, sem gott er fyrir ykkur, það allra besta. Og þið getið fundið það og fengið það, ef þið leitið að því. Og það mun sjást á andlitunum á ykkur, ef þið fáið það. Þau fara ekki í neinar felur með það. Og eg vil segja meira: Það mun sjást á öllu ykkar lífi.

Faðirinn á himnum færir ykkur fyrir Jesúm Krist alt gott á árinu. Þá fáið þið hið góða, sem árið á að færa ykkur. Og þegar árið er búíð, þá segið þið: Guð er góður. Hann gaf okkur gott át.

---

### Blettir.

Það voru blettir á síðasta blaðinu, óhræsis blettir, sem kallast prentvillur. Þið hafðið rekið ykkur á þær. Það eru æfinlega vondir blettir, en verstir þó fyrir börn.

Mér þykir fyrir að blettir sé á „Börnunum“. Eg vil helst, að þau sé hrein. Því mér þykir vænt um hrein börn, og um börn, sem vilja þvo sér.

Eg veit, að þið viljið öll þvo ykkur og vera hrein.

En það eru sum börn, sem ekki vilja láta þvo sér, en grenja, þegar mamma þeirra ætlar að þvo þeim. Ékkert ykkgerir það.

Svo segi eg ekki meira um bletti núna. Geri það kannske seinna. En í þessu sambandi skal eg geta þess, að sagan „Jólatréð“ var þýdd. Orðið „þýtt“ átti að standa undir fyrir-sogninni, en hafði fallið burt.

---

### Engin sending.

Eg bjóst hálf-partinn við að hafa einhverja sendingu með

í þetta sinn frá einhverju barni. En mér hefir ekki verið sent neitt. Sendingarnar hafa líklega ekki verið tilbúnar. Eg skal skila þeim, þegar þær koma. En gleymið ekki að senda mér þær, börn.

— o —

### Biðjið á árinu.

Þarna sjáid þið barn. Þið sjáid, hvað barnið er að gera, að það er að biðja. Þykir ykkur það ekki fallegt? Ef þið horfið vel á barnið, þá veit eg, að þið heyrið rödd í hjarta ykkar, sem segir: Þetta eigið þið að gera á árinu. Þið eigið öll að biðja og þið eigið að læra að biðja betur á árinu.



Eg býst við, að þið séuð öll farin að biðja. Að þið biðjið á kveldin, áður en þið sofnið. Að þið biðjið líka á morgnana. Og að þið biðjið einnig, þegar þið farið að borða — þakkið

gudi, sem gefur ykkur matinn og alt gott, og biðjið hann að blessa ykkur. Gerið þið það ekki?

Allir kristnir menn, ungir og gamlir, eiga að biðja. Þið þurfið að muna það. Og á meðan þið eruð börn, þurfið þið að læra að biðja. Þið hafið þá lært að biðja, þegar þið eruð orðin fullorðin, og þá biðjið þið. En eins lengi og þið lifið eigið þið að læra að biðja *betur*.

Lærið nú á árinu þetta að biðja og að biðja *betur*. Jesús vill, að þið biðjið. Hann veit, að þið þurfið þess og hafið gott af því. En svo vill hann líka kenna ykkur að biðja, *kenna ykkur öllum að vera biðjandi börn á árinu*.

### Hann lagði við drengskap sinn.

(Lauslega þýtt.)

„Mamma mín, eg skal, og eg legg við drengskap minn. Hefurðu nokkurn tíma reynt það af mér, að eg hafi svikið þig?“

„Nei, það hef eg aldrei reynt af þér, sonur minn,“ og Mrs. Jónsson strauk ástúðlega mjúku lökkana brúnu á Haraldri syni sínum um leið og hún horfði í hreinskilnu augum hans, sem aldrei höfðu öll þessi 15 árin hans litið öðruvísi í augu hennar.

„Og þú skalt heldur aldrei reyna það af mér, mamma mín. Eg kem heim áreiðanlega klukkan 10. Og nú er eg farinn.“ Og Haraldur hljóp niður stigann og á stað eins og ör væri skotið.

Lags-bróðir hans, Valdimar Grímsson, hafði boðið honum í afmælis-veisluna sína. Og allir vinir Valdimars, bæði drengir og stúlkur, hlökkuðu til að koma til hans, þegar hann bauð þeim; því foreldrar hans og Anna, systir hans, sem orðin var fullorðin, höfðu það ljómandi lag á að skemta ungu fólki og láta því líða vel hjá sér.

Það var þess vegna ekki furða, þótt Haraldur ætti bágt með að trúa sínum eigin augum, þegar hann, um það leyti er skemtunin stóð sem hæst, leit á klukkuna og sá, að hún átti ekki eftir nema 4. part í 10. Það leit ekki út fyrir, að nokkurum dytti í hug að fara heim. En lofordið, sem Haraldur hafði gefið mömmu sinni og lagt drengskap sinn við, hljómaði fyrir eyrum hans. Enginn hafði nokkurn grun um stríðið, sem drengurinn átti í hjarta sínu. Hann tók þátt í leiknum, en var utan við sig. „Því get eg ekki beðið, þangað til himir fara? Legg eg ekki nógu mikið á mig heima? Í fleiri vikur hef eg ekki verið að heiman eitt einasta augnablik.“

„Það er ekkert framorðið,“ hugsaði hann enn fremur með sér og var ögn ergilegur. „Mamma er bara svona hrædd.“ Hann rodnadi og rétti strax úr sér.

„En hver hæfur meiri rétt til þess en hún?“ Og það var ílska í hugsuninni eins og hann væri að verjast ósýnilegum óvin. Góða mamma hans, sem biluð var á heilsunni! Og hann vissi, að María litla systir hans var ekki frísk. Hún hafði allan daginn verið svo öflug. Og svo hafði hann lofað að koma heim klukkan 10. — Alt í einu bað hann að afsaka sig og kvaddi, hljóp á stað og fór í utanyfir-treyjuna sína á hlaupunum. Móðir hans beið hans í dyrunum.

„...María er verri,“ sagði hún í lágum róm og var hás. „Það er barnaveikin. Hlaupu eftir læknum — fljótt!“

Og Haraldur hljóp. Hann hafði aldrei hlaupið eins. Og hann hafði ekki haft hugmynd um, að hann gæti hlaupið eins fljótt. Gamli lækurinn brá undir eins við. Ákafinn í Harald, sem varla gat stunið upp orði, hleypti fjöri í hann. Og eftir litla stund voru aktýgin komin á hestinn og hann fyrir vagninn og þeir á stað alt það, sem hesturinn gat komist.

Gamli, glöggi maðrinn var alvarlegur á svipinn, þegar hann beygði sig niður yfir Maríu litlu. En hann var lækur, sem kunnir verkið sitt. Og eftir litinn tíma var litlu stólkunni farið að verða hægra um að draga andann.

Þá sagði hann með áherslu: „Ég skal segja ykkur eitt. Þú mínútum seinna hefði verið til litils að senda eftir mér eða nokkrum öðrum.“

Haraldur hlustaði á og sagði ekki orð. En þegar lækurinn var farinn, dró hann mömmu sína niður við hlíðina á sér á litla slitna sófann og sagði henni frá freistingunni sinni, sem hann hafði unnið sigur á. Að endingu segir hann við hana: „Ó, mamma mín! Mér þykir svo vænt um að eg hélt loforð mitt. Mér finst eins og eg hafi rétt að eins sloppið undan því að verða morðingi.“

„Ég ber fullt traust til drengsins míns röska og trúa,“ sagði mamma hans glöð og strauk fallega kollinn, sem lá við vangann á henni.

### Byrjið undir eins.

Það eru ekki að eins börn, heldur líka margir kristnir menn fullorðnir, sem einlæggt eru að biða eftir tækifæri til þess að gera gagn. En þeir verða aldrei til neins gagns. Allir hafa tækifæri, ef þeir vilja að eins nota það.

Það er saga ein, sem minnir á þetta.

Það var heiðinn unglingur, sem snúist hafði til kristinnar trúar. Trúboðinn vill fá hann til þess að játa trú sína opinberlega, en unglingurinn skorast undan því, og segist ekki vilja gjöra það, fyrr en hann sé búinn að læra betur að þekkja Jesúm Krist.

Trúboðinn segir þá við hann: „Ég vil spyrja þig að einu: Þegar þú kveikir á kerti, gerir þú það þá til þess, að kertið skuli hafa meiri þægindi?“

„Nei, sjálfsagt ekki,“ svarar hann, „heldr til þess að það lýsi.“

„En áttu þá von á, að það verði að gagni þá fyrst, þegar það er hálf-brunnið?“

„Ó, nei! Undir eins og húið er að kveikja á því.“

„Jæja þá!“ segir trúboðinn. „Ífar þú og ger hið sama. Byrjaðu undir eins!“

Við verðum öll ljós, sem Jesús hefir kveikt á, fyrir trúna á hann sem frelsara okkar. Við eigum þá öll að byrja á að lýsa undir eins. Og við höfum öll sama tækifærið og kertið, sem kveikt er á.

Jesús sagði við lærisveina sína: Svo lýsi og yðvart ljós öðrum mönnum, að þeir sjái yðar góðverk og vegsami yðar himneska föður. Matt. 5, 16.

### Guð vill að við reynum.


Þið hafið heyrt talað um Lúter, börn? Hann var fæddur fyrir meira en 400 árum. Við nefnum okkur lúterska eftir honum, vegna þess að við skiljum kristindóminn eins og hann. Hann var mikill maður, og vann mikið fyrir guð. Drottinn brúkaði hann til þess að kenna fólki sannan kristindóm, og hjálpa því til þess að losast undan valdi páfans og út úr villu kaþólsku kirkjunnar. — En eg segi ykkur ekki meira um hann núna. Eg skal reyna að gera það einhvern tíma seinna. En eg segi ykkur þetta um hann nú, vegna þess, að eg ætla að hafa eftir honum.

Hann á einu sinni að hafa sagt: „Guð fer að við okkur eins og faðir, sem segir við litla drenginn sinn: „Dragðu af mér stígvélið mitt!“ Faðirinn veit það vel, að barnið getur ekki gert það. En þegar það samt sem áður byrjar að taka í og toga stóra, þunga stígvélið, þá tekur faðirinn í með í laumi og hjálpar því. Og sjá, nú tekst það. Stígvélið næst af.“

Gústav Jensen, prestur í Noregi, hefur sagt um þessa litlu sögu, að hún oft hafi orðið sér til mikillar huggunar og uppörvunar. Þegar hann hafi átt að gera eitthvað eða þola eitthvað, sem honum hafi fundist vera ómögulegt fyrir sig, þá hafi honum dottið þessi orð Lúters í hug og hann sagt við sjálfan sig: „Faðir minn á himnum hjálpar mér til að ná af stígvélinu.“ Og honum hafi æfinlega orðið að því. Guð hafi hjálpað sér.

Þið vitið, börn, hvað ervitt er að fá ykkur til að reyna það, sem ykkur finst þið ekki geta gert. Og nú vill guð, að þið gerið margt, sem ykkur finst alveg ómögulegt fyrir ykkur að gera. Ef þið þá eigið að hlýða guði, þá þurfið þið að læra að reyna það, sem hann vill að þið gerið, og taka í af öllum kröftum. Þá tekst það, því guð hjálpar. Og það munar um hann, þegar hann hjálpar. Munið það, börnin mín.

Og munið að reyna að gera allt það, sem þið vitið að guð vill hafa ykkur til að gera, hvað örðugt sem það er. Og munið að taka í af öllum kröftum.



### Hann hafði séð fagnaðarerindið um Jesúm.

Maður nokkur, sem ferðaðist í Kína, spurði Kínverja einn: „Hefurðu, vinur minn, lesið fagnaðarerindið um Jesúm?“ „Nei,“ svaraði Kínverjinn, „en eg hef séð það. Eg þekti mann, sem allir í nágrenninu voru hræddir við. Hann hölvaði öllum og öllu, og var ógurlega skapvondur. Hann reykti ópíum, var óbótamaður og eins hættulegur og villudýr. En trúarbrögð Jesú breyttu honum. Hann varð gæfur og góður. Og hann hætti að reykja ópíum. — Nei, eg hef ekki lesið fagnaðarerindið um Jesúm, en eg hef séð það. Og það er gott.“

Þið gangið á sunnudagsskóla, börn. Þið heyrið orðið um Jesúm. Ykkur er kent að þekkja hann. Þið vitið, hver hann er, og hvað hann er heilagur og góður. Þið vitið líka, hvað hann hefir gert fyrir ykkur, og hvað hann vill gera fyrir ykkur. Hann vill gera ykkur góð. Hann vill breyta ykkur og láta ykkur verða betri og betri. Hann vill láta það sjást á ykkur, að þið hafið komið til sín og verið hjá sér; og hann vill, að þeir, sem sjá það, geti sagt: „Það er auðséð á þessum börnum, að þau þekkja Jesúm og hafa verið hjá honum.“

Og þið, börn, sem ekki hafið tækifæri til að ganga á sunnu-

dagsskóla, þið getið þó lesið um Jesúm, heyrt um hann og lært að þekkja hann. Jesús vill hafa sömu áhrif á ykkur.

Látið þið nú, börnin mín öll, það sjást á ykkur, að þið hafið lært að þekkja Jesúm. Þið getið það, ef þið viljið; því Jesús vill það. Látið þið það sjást á því, að þið eruð góð og hlýðin. En látið það líka sjást á því, að þið hugsið um börnin, sem aldrei hafa heyrt neitt um Jesúm, vesalings heidingja-börnin, ogbiðjið fyrir þeim og viljið vera með að gera eitthvað fyrir þau.

*Kristnu foreldrar!* Þið eigið ekki eingöngu að segja börnunum ykkar frá Jesú og láta þau lesa um hann, en þið! eigið að sýna þeim hann.

Já, viljið þið þá ekki láta börnin ykkar sjá á ykkur fagn- aðarerið um Jesúm og láta þau finna til þess, að það sé gott?

Guð gefi ykkur náð til þess.

#### TIL GAMANS.

*Hafði búíð sig undir.* — „Tumi, nú ætla eg að refsa þér.“

„Fyrir hvað, pabbi?“

„Vertu ekki að gera þér upp þetta sakleysi, strákur. Það er ekki til neins fyrir þig. Eg veit um öll stráka-þörin þín í dag.“

„Nei, pabbi! Það gerir þú ekki. Þú veist ekki, hvar eg faldi ólina, sem þú berð mig með.“

*Ráðlegging barns.* — Það var sunnudagsmorgun, um það leyti, sem vant var að lofa sunnudagsskóla-börnunum að fara heim, að forstöðumaður skólans segir við börnin: „Það er maður hérna hjá ykkur í dag, börn, sem ætlar að gera svo vel, að segja nokkur orð við okkur. Hann heitir Mr. Smith.“

Mr. Smith stendur á fætur brosandí, horfir um stund yfir barna-hópinn, og segir svo: „Eg veit varla, hvað eg á að segja.“ — Hann komst ekki lengra; því allur skólinn ætlaði að veltast um af hlátri við það að heyra aftast úr salnum mjóa rödd í barni, sem blest var á máli, segja: „Þeiðu amen og þeðtu niður!“